

Þriðjudaginn 30. september 1980.

Nr. 177/1980. **Fasteignahöllin**

gegn

Jósef Guðbjartssyni.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. ágúst 1980, sem barst Hæstarétti 26. september s. á. Krefst hann þess, að hrundið verði synjun héraðsdómara um staðfestingu löghalds og að löghaldið verði staðfest. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hin kærða dómsúrlausn sætir áfrýjun, en ekki kæru samkvæmt 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti. Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. ágúst 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. júlí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. júní 1980, af Fasteignahöllinni, Háaleitisbraut 58—60 hér í borg, gegn Jósef Guðbjartssyni, Tjarnarlundi 16, Akureyri, og Kára Jónssyni, Víkurbakka 12 hér í borg, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3.800.000 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 22. október 1979 til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 9.500 í stimpilkostnað, þar með talinn löghaldskostnaður, og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ eða síðar framlögðum reikningi. Jafnframt er krafist staðfestingar á löghaldsgerð, er fram fór 5. júní 1980, er lagt

var löghald á tvo víxla, eign stefnda Jósefs, báða samþykktu af Ragnari Stefánssyni, til heimilis að Álfaskeiði 38, Hafnarfirði, annan að fjárhæð kr. 1.000.000, með gjalddaga 5. júní 1980, en hinn að fjárhæð kr. 1.100.000, með gjalddaga 5. ágúst 1980, en víxlar þessir séu báðir í Iðnaðarbanka Íslands h/f hér í borg.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera skv. tveimur víxlum, útgefnum af stefnda Kára Jónssyni 10. september 1979, hvorum að fjárhæð kr. 1.900.000 og samþykktum af stefnda Jósef Guðbjartssyni til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands h/f hér í borg hinn 22. október 1979, en stefnandi sé ábekingur á víxlunum. Stefnandi hafi framselt víxlana eyðuframsali, en hafi síðan orðið að innleysa þá, þar eð hvorki samþykkjandi né útgefandi hafi greitt þá.

Af hálfu stefnda Jósefs Guðbjartssonar var sótt þing, en síðan féll þingsókn niður af hans hálfu, án þess að lögvarnir kæmu fram. Stefndi Kári Jónsson hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Af framlögðu endurriti af löghaldsgerð verður ekki séð, að gerðarþoli, stefndi Jósef Guðbjartsson, sé eigandi þeirra víxla, er löghald var gert í. Þykir því ekki unnt að taka til greina kröfu stefnanda um staðfestingu löghalds. Að öðru leyti verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 435.600.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir.

Uppsaga dóms þessa hefur dregist vegna embættisanna dómars.

Dómsorð:

Synjað er um staðfestingu löghalds.

Stefndu, Jósef Guðbjartsson og Kári Jónsson, greiði in solidum stefnanda, Fasteignahöllinni, kr. 3.800.000 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 22. október 1979 til 1. júní 1980, en með 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 9.500 í stimpilkostnað og kr. 435.600 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.